

# Frumvarp til fjáralagalaga

fyrir árin 1914 og 1915.

(Lagt fyrir alþingi 1914).

## 1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögunum fyrir 1914 og 1915 veitast kr. 34,800, til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. og 3. gr. hjer á eftir.

## 2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. veitast kr. 33,100.

1. Við B. (Vegabætur). Til undirbúnings og ransóknar á jarnbrautarstæði austur í Rangárvallasýslu ... .. kr. 18,000
  2. Við E. (Vitamál).
    - a. Til að reisa hornvita í Grímsey á Steingrímsfirði ... .. — 14,100
    - b. Reksturskostnaður 1914 og 1915... .. — 1,000
- Kr. 33,100

## 3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. veitast kr. 1700.

	1914:	1915:
Við 16. gr. Til hins íslenska prentarafjelags til að senda mann á prentlistasýningu í Leipzig ... .. kr. 800		
Við 16. gr. 8. d. Til eins dýralæknisnemanda erlendis .. .. — 300	300	600

Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess að greiða ekkju bankabókara Alberts Þórðarsonar, Steinunni Kristjánsdóttur, 400 kr. árlega í eftirlaun af fje Landsbankans. Eftirlaunin greiðast frá 1. janúar 1914 og borgast eftirá fyrir hvern ársfjórðung.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við 2. gr. 1. Stjórnarráðið álitur að járnbrautarlagning frá Rvík austur í Rangárvallasýslu sje svo þýðingarmikil fyrir hlutaðeigandi hjeruð og fyrir landið í heild sinni, að það mál megi með engu móti falla niður, og vill því taka upp tillögu meiri hluta nefndarinnar í járnbrautarmálinu frá síðasta Alþingi um 18,000 kr. fjárveiting til framhalds á undirbúningi málsins. Að öðru leyti visast til eftirfarandi brjefs verkfræðings Jóns Þorlákssonar dags. 27. apríl 1914.

»Að gefnu tilefni skal jeg hjer með virðingarfylst leyfa mjer að láta hinu háa stjórnarráði í tje, með fáam orðum, álit mitt um ástæður þær, er jeg tel vera fyrir því að taka upp fjárveitingu til framhalds rannsókna á járnbrautarstæði frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu.

Rannsóknir þær á járnbrautarstæðinu, sem þegar hafa verið gerðar, hafa vegna naumleika fjárveitingarinnar til þeirra verið ófullkomnar að ýmsu leyti, og nær eingöngu getað beinst að því, að fá nokkurnveginn ábyggilega en þó ekki nákvæma vitneskju um, hve mikið brautin mundi kosta. Hinsvegar hafa engin tök verið á því, að gera svo sem neitt af þeim mælingum, sem þarf að hafa ef ráðist verður í framkvæmd verksins, enda var ekki eðlilegt að kostað væri til þeirra mælinga fyr en búið var með undirbúningsrannsókn að fá svo mikla vitneskju um kostnaðinn, að menn gætu gert sjer hugmynd um hvort nokkuð væri eigandi við fyrirtækið eða ekki. Þessari sömu aðferð er líka nálega undantekningarlaust fylgt við undirbúning járnbrautarlagninga og allra stórra mannvirkja erlendis, að skifta undirbúningnum í tvent; fyrst byrjunar- eða yfirlitsrannsókn, sem veitir yfirlit yfir fyrirkomulag og kostnað, og síðan fullnaðarrannsókn (Detailprojekt), en í henni felst nákvæm ákvörðun á öllu fyrirkomulagi verksins, nákvæm kostnaðaráætlun og þær teikningar, sem þurfa að vera fyrir hendi þegar byrja skal á framkvæmd verksins.

Það væri hugsanlegt að sleppa við að framkvæma þessa fullnaðarrannsókn á kostnað landssjóðs, ef afráðið væri að byggja brautina ekki á annan hátt en þann, að veita einhverju fjelagi lagningarleyfi, því að þá mætti heimta að fjelagið framkvæmdi sjálft rannsóknina, og teldi það þá kostnaðinn við hana með lagningarkostnaði. En þó mundi aðstaða landsstjórnarinnar við gerð byggingarsamningsins verða býsna erfið, þegar hún hefði miklu minni vitneskju um málið í höndum heldur en hinn samningsaðilinn. En sje hugsað til þess, að leggja brautina á kostnað landsins, þá liggur einmitt næst fyrir að framkvæma þessa fullnaðarrannsókn. Fjárveiting til hennar er beint og eðlilegt áframhald af því, sem áður hefir verið gert í málinu af hálfu hins opinbera, og þó einhverjir kynnu að vera þeirrar skoðunar, að járnbrautarlagningin muni dragast enn í nokkur ár, þá er það engin ástæða gegn undirbúningsfjárveitingu, því að mælingarnar fyrnast ekki, og sama sem alt undirbúningsverkið er í fullu gildi hvenær sem að því kemur, að byggja brautina.

Þá skal jeg í fáam orðum skýra frá því, í hverju fullnaðarrannsókn á járnbrautarstæðinu er fólgin, og get þó aðeins drepit á aðalatriðin. Það þarf að mæla upp landræmu meðfram öllu brautarstæðinu og gera hæðamælingar á þeirri

ræmu, svo og uppdrátt af henni með hæðalínum. Þegar sá uppdráttur er fenginn, þá fyrst er hægt að fastákveða nákvæmlega legu brautarinnar á hverjum stað, þannig að jarðvinnan verði sem minst, og síðan þarf að merkja brautarlínuna og reikna út að nýju rúmmál jarðraskins. Þá kemur væntanlega í ljós, að með þeim smá-tilfærslum á brautarlínunni, sem mælingarnar sýna að eru æskilegar, má minka nokkuð jarðraskið frá því sem byrjunarmælingin sýndi. Jafnframt þarf að ákveða og mæla nákvæmlega öll brúarstæði, og gera uppdrætti af brúnum; sömuleiðis þarf að gera uppdrætti af fyrirkomulagi brautarstöðva og af stöðvarhúsum, og nákvæmar kostnaðaráætlanir eftir þeim uppdráttum; ennfremur nánari ákvarðanir um yfirbyggingu, vagna og verkstæði, heldur en þær, sem gerðar voru í bráðabirgðaáætluninni. Auk þess þarf hjer að taka til sjerstakrar rannsóknar notkun rafmagns við rekstur brautarinnar.

Langmesta verkið í þessum undirbúningi er uppmæling brautarstæðisins, að meðtöldum brúarstæðunum, og teikningar af brautarkortinu og brúnum. Þetta verk er alt ein samstæða, og hjerlendir verkfræðingar eru eins færir um að vinna það, eins og útlendir verkfræðingar, og enda færari til að gera rjettar áætlanir um kostnað við jarðrask og brúargerðir. En bæði er það, að naumast mun nú vól á innlendum verkfræðingum til þessa, sem missast megi til þess frá öðrum störfum, og svo hitt, að við ýmislegt annað af undirbúningnum þarf að leita til útlendra verkfræðinga, sem reynslu hafa í járnbrautarlagningum, og þess vegna virðist óhjákvæmilegt, eins og nú stendur, að fela útlendum verkfræðingum fullnaðarrannsóknina að mestu leyti. Um rannsókn á rafmagnsrekstri sjerstaklega er það að segja, að hún fæst naumast ábyggileg nema frá firmum, sem hafa lagt rafmagnsútbúnað til járnbrauta, og er því rjettast að snúa sjer til einhvers þeirra um það atriði, en naumast mundi slikt firma þurfa að senda hiugað verkfræðing í því skyni, heldur mundi það gera áætlunina heima hjá sjer eftir að hafa fengið upplýsingar um lengd og halla brautarinnar, afstöðu aflstöðvarinnar og væntanlegt flutningsmagn.

Jeg get ekki sagt með fullri vissu hve mikið fullnaðarrannsóknin muni kosta, en hygg þó að með ráðdeild og sparnaði muni mega ljúka henni að miklu eða öllu leyti fyrir 18000 kr«.

Við 2. gr. 2. Í samningi þeim, sem stjórnin gerði við Björgvinjargufuskipafjelagið 24. okt. 1913 um gufuskipaferðir milli Noregs og Íslands og umhverfis Ísland var það skilyrði sett af hendi fjelagsins fyrir viðkomu á höfnum við Húnaflóa úr því dimmir nótt, að vitalýsing væri þar nægileg (Stj.tíð. 1913 B. bls. 265).

Eins og kunnugt er, er sigling á Húnaflóa vestanverðum mjög ervið og hættuleg vegna skerja, boða og grynninga, og það svo, að þegar dimt er, má heita ógerningur að komast með skip inn á verslunarstaði þá, sem þar eru og mikla þýðingu hafa fyrir nærliggjandi hjeruð. Af þessum ástæðum var það heint gert að skilyrði fyrir viðkomu í Hólmavík, og þar með þeim höfnum öðrum, sem í skiptum geta komið fyrir hana, að vitalýsing kæmist þar á. Landsverkfræðingur sá, sem hefir vitamálin til meðferðar, hefir því verið látinn gera áætlun um, hvernig vitalýsingu verði best komið fyrir á þessu svæði, ekki aðeins að því er Hólmavík snertir, heldur einnig svo, að vitinn gæti orðið að gagni er siglt væri inn á Borðeyri og til Hvammstanga á Miðfirði. Hefir hann komist að þeirri niðurstöðu, að hornviti í Grimsey á Steingrímsfirði, sem sýnir hvítt ljós

fyrir: 1. skipaleiðir vestan úr Húnaflóa, 2. inn Steingrímsfjörð, og 3. í suðaustur fyrir leiðina til Hrútafjarðar og Miðfjarðar, en rautt og grænt ljós yfir sker og grynningar, muni uppfylla sett skilyrði fyrir viðkomu á Hólmavík, og hefir skipstjóri fjelagsins, sem kunnugastur er hjer, tjáð sig ánægðan með svofeldan vita. Slíkur hornviti mundi koma vel inn í áætlun um fullkomna vitalýsingu á suðvesturhluta Húnaflóa. Vitinn á að lýsa 17 sjómilur, vera átomatviti, sem ekki þarf að vitja nema með löngu millibili; er slíkt fyrirkomulag nauðsynlegt, þar sem engin bygð er í Grímsey. Í sambandi við vitann er nauðsynlegt að setja tvö leiðarljós, sem sýna leiðina inn að Hólmavík. Vitabyggingin er áætlað að kosti kr. 13,600 og leiðarljósin 500 kr. Öll fjárveitingin er því kr. 14,100.

Reksturskostnað telur landsverkfræðingurinn 700 kr. um árið, og má því búast við alt að 300 króna útgjöldum árið 1914. Er því alls farið fram á 1000 króna fjárveitingu til reksturskostnaðar.

Sundurliðuð kostnaðaráætlun, teikningar og aðrar upplýsingar verða lagðar fyrir alþingi.

Við 3. gr. Stjórn »Hins íslenska prentarafjelags« hefir sent stjórnarráðinu beiðni um að fá 800 kr. styrk til þess að senda mann á prentlistarsýningu, sem haldin verður á þessu sumri í Leipzig. Verður sýning þessi fullkomnari öllum þeim sýningum, sem enn hafa haldnar verið í þessari grein. Telur stjórn fjelagsins vafalaust, að ekki muni í bráð bjóðast annað eins tækifæri og þetta til þess að kynnast nýtýsku prentlist og hinum fullkomnustu og hentugustu prentlistartækjum, og að það mundi verða íslenskri prentarastjett mikill þekkingarauki ef fjelagið ætti kost á því að senda þangað mann.

Stjórnarráðið verður að telja það einkar æskilegt, að hæfur maður hjeðan af landi verði sendur á sýningu þessa og er sammála stjórn prentarafjelagsins um, að það gæti haft mikil áhrif á framþróun íslenskrar prentlistar, og með því að maður sá, sem fjelagið hefir í hyggju að senda, ef það fær styrkinn, hefir bestu meðmæli fyrir þekkingu yfirleitt, og sjerstaklega fyrir kunnáttu sína á þýsku máli, svo að víska er fyrir því, að hann sje fær um að sækja sýninguna með tilætluðum árangri, vill stjórnarráðið mæla sem best með, að þessi styrkur verði veittur.

Í núgildandi fjárlögum er veittur fullur námsstyrkur til tveggja dýralæknanemenda, og hálfis árs styrkur fyrir 1 nemanda; er þessi síðasti styrkur því bundinn við hálf t ár, að gengið var út frá því, að elsti nemandinn mundi taka fullnaðarpróf í júlímánuði þ. á. (sjá Alþ.tíð. 1913 C. bls. 1474), en þetta var á misskilningi byggt. Elsti nemandinn, Hannes Jónsson, hefur lokið 1. og 2. hluta prófs, en 3. og síðasta hluta getur hann ekki lokið fyr en í janúar 1916 eða ef til vill í júlilok 1915. Með því að sjálfsagt þykir að styðja þennan nemanda, sem hefir mjög góða vitnisburði við tvo fyrri hluta prófsins, til þess að ljúka prófi, er farið fram á aukafjárveitingu til hans í þessu skyni. Prófskírteini hans, og erindi frá honum verða lögð fyrir þingið.

Stjórn Landsbankans hefir sent Stjórnarráðinu erindi ekkju Alberts bankabókara Þórðarsonar, Steinunnar Kristjánsdóttur, þar sem hún fer fram á, að sjer verði veittur árlegur styrkur af fje Landsbankans, að upphæð 400 kr. Stjórn bankans telur það rjett, að veita þennan styrk, með því samskonar stofnanir og Landsbankinn er annarsstaðar, mundu undir líkum kringumstæðum veita álíka styrk, en álitur sig ekki hafa heimild til þess án sjerstakrar lagaheimildar, og

hefir hún því beint þessu máli til stjórnarráðsins og mælt með því, að lagt yrði fyrir alþingi frumvarp til laga um, að nefndri ekkju verði veittur árlegur styrkur af fje Landsbankans 3—400 kr. á ári. Stjórnarráðið er alveg samdóma stjórn Landsbankans um að rjett sje að veita þessari ekkju styrk, því hún á við mjög þröng kjör að búa. Stjórnarráðið hefir þó eigi álitid nauðsynlegt að koma fram með sjerstakt lagafrumvarp í þessu skyni, en telur nægilegt að veita stjórn Landsbankans umbeðna heimild með athugasemd í frumvarpi þessu.

Ofangreind erindi verða lögð fyrir alþingi.

---